273. Nefndarálit

um frumv. til laga um sölu á prestssetrinu Húsavík með kirkjujörðinni Þorvaldsstöðum.

Undirrituð nefnd, sem háttv. Ed. fékk mál þetta til íhugunar, hefir nú kynt sér það og leyfir sér hér með að leggja tillögur sínar í því fyrir háttvirta deild með fám orðum.

Sú ósk Húsavíkurbúa, sem felst í frumvarpinu, að fá keypt landið, er kauptúnið stendur á, lá einnig fyrir síðasta þingi í frumvarpi, sem þá var borið fram. Frumvarpið féll þá og var það aðallega fyrir þá sök, að fyrir atvik voru ekki handbær þau skjöl og skýrslur, er nauðsynlegt og sjálfsagt þótti að hafa í málinu til undirbúnings. Nú hefir nefndin haft þau skjöl í höndum og telur með þeim málið vera nægilega upplýst og undirbúið til þess að þingið geti tekið fullnaðarályktun um það. Hefir það orðið niðurstaðan hjá henni, að meiri hlutinn telur mál þetta horfa til svo mikils þrifnaðar fyrir kauptúnið, að ekki beri að synja hinni þannig framkomnu ósk, heldur samþykkja frumvarpið. Þá telur hún, að fengnum þeim skýrslum, sem nú voru nefndar, að verðið sé of lágt sett 22,000 kr. og megi ekki lægra vera en 25,000 kr., þar sem jarðeignir þessar nú þegar gefa það af sér í afgjöldum, sem svarar vöxtum af þeirri upphæð.

Hins vegar vill meðundirritaður skrifari nefndarinnar taka fram, að þrátt fyrir það að hann kannast við það sem að framan er sagt að miklu leyti, býst hann þó ekki við, að geta greitt atkvæði með málinu fyrir þá sök, að sú er skoðun hans, að of langt sé þegar gengið á þeirri braut að selja opinberar jarðeignir

og vill láta nema staðar á henni sem fyrst af ástæðum, sem hér yrði of langt að greina, enda hafa af öðrum oft verið framteknar. Um slíkar jarðeignir sem þessa sem hér ræðir um, þar sem blómleg kauptún eru að rísa upp, vill hann sérstaklega benda á, að þegar framlíða stundir, má telja víst, að verður um verulegan tekjumissi að ræða, sem bitnar á landssjóði eins þótt um kirkjueignir sé að ræða. Hitt telur hann, að kauptúnið geti dafnað að mannfjölgun samfara umbótum á atvinnuvegum eins þótt hið opinbera eigi landið, ef séð er um, að þeir sem bygð festa á slíkum stöðum eigi kost á að fá lóðir til húsa og ræktunar með aðgengilegum kjörum. Væri ákjósanlegt að landið ætti sem flesta slíka staði, en hitt miklu síður að láta svo verðmiklar eignir af hendi.

Samkvæmt framanrituðu fer að vísu meiri og minni hluti nefndarinnar sína götu hvor í aðalmálinu, en leggja fyrir deildina þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Í stað »22,000« komi: 25,000.

Efri deild alþingis 22. marz 1911.

Eiríkur Briem, formaður. Steingrímur Jónsson, framsögumaður. Sigurður Hjörleifsson.

Kristinn Daníelsson, skrifari. Sigurður Stefánsson.